

## Minnisblað – staða millitekjuhópa

MÓTTAKANDI: ÞJÓÐHAGSRÁÐ

SENDANDI: KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR, FORMAÐUR BHM

DAGSETNING: 28. NÓVEMBER 2023

### Samantekt

Topp 50% launafólks hefur upplifað enga kaupmáttaraukningu eða kaupmáttarrýrnun í heildarlaunum frá 2019. Á sama tíma hefur kaupmáttur annarra hópa aukist.

Staðan er verst hjá BHM-ríki, KÍ-ríki, KÍ-Reykjavík og iðnfélögum ASÍ. Kaupmáttur launavísitölunnar hjá þeim hópum jókst á bilinu 3-6% á árunum 2019-2022. Á sama tíma jókst kaupmáttur um allt að 36% hjá öðrum hópum á vinnumarkaði.

Kaupmáttarþróun milli 2022 og 2023 er talin munu verða hverfandi hjá öllum hópum launafólks og því mun myndin í samtakasundurliðun breytast lítið fram á 2023.

Þessa þróun má að mestu leyti rekja til til hagrænna krafta. Hagvöxtur hefur birst að mestu í láglaunagreinum sem skapað hefur þrýsting á launahækkunar. Að öðru leyti má rekja þróunina til misvægis á milli framboðs og eftirspurnar og kröfu viðsemjenda á almennum markaði um að allir skuli undirgangast krónutöluhækkunar og krónutölupak. Hefur það jafngilt kröfu um kaupmáttarrýrnun hjá stórum hópum.


### Ályktanir

BHM tekur undir það markmið aðila þjóðhagsráðs að verja kjör láglaunahópa og að stefna skuli að endurmati á virði kvennastarfa. Er það viðvarandi verkefni allra aðila. Baráttan við verðbólgu framundan er hins vegar háð lausn kjarasamninga á breiðum grunni. Horfa þarf þar til vanda millistéttarinnar og efri tekjuhópa til viðbótar við vanda láglaunahópa.

Mikilvægt er að aðilar ráðsins taki stöðu millistéttarinnar og efri tekjuhópa til umræðu og umfjöllunar, óháð mörkuðum.


Krónutöluhækkunar munu henta stórum hluta launafólks í komandi kjarasamningum og helst þeim hópum sem sem höllum fæti standa m.a. í ferðaþjónustu og í lægra launuðum störfum á opinbera markaðnum. Sé það stefnan hins vegar að krónutölumerki og krónutölupak skuli vera algilt fyrir allan vinnumarkaðinn er ljóst að í átök gæti stefnt á vinnumarkaði.

**Kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi sá sami og 2017:** Kaupmáttur tímakaups á Íslandi þ.e. launavísitölunnar jókst um 30% á tímabilinu 2015-2022 meðan kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi launafólks jókst aðeins um 12%. Kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi á árinu 2022 var sá sami og hann var á árinu 2017 þ.e. fimm árum áður. Stöðnun hefur ríkt í 5 ár en kaupmáttarþróun milli árána 2022 og 2023 er talin munu verða hverfandi hjá öllum hópum launafólks og því mun myndin breytast lítið fram á árið 2023.



**Samdráttur eða stöðnun í kaupmætti frá 2019 hjá topp 50% launafólks:** Kaupmáttaraukningin á árunum 2015-2017 og 2017-2019 var nokkuð jöfn eftir tekjudreifingunni eins og sést á mynd á næstu síðu þar sem súlurnar tákna tekjutíund 1-9 fyrir heildarlaun og kaupmáttaraukning fyrir tilsvandandi tíund er á y-ás. Athygli vekur að kaupmáttur

dróst saman eða staðnaði á tímabilinu 2019-2022 hjá topp 50% launafólks. Sá mikli munur í kaupmáttarþróun sem birtist eftir 2019 hefur gert að verkum að kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi hjá topp 30% launafólks eru nú sami eða lægri en hann var árið 2017.



**Mismunandi árangur hjá heildarsamtökum:** Sú niðurstaða sem lýst er að ofan fyrir tímabilið 2015-2022 endurspeglast í mismunandi árangri hjá heildarsamtökum sem eiga fulltrúa í þjóðhagsráði. Kaupmáttaraukning launavísitölunnar var nokkuð jöfn milli allra samtaka á tímabilinu 2015-2019, að BHM undanskildu. Eftir þann tíma dregur verulega í sundur með samtökunum. Var kaupmáttaraukningin á tímabilinu 2019-2022 mest 30-36% í ASÍ-Reykjavík og 21-27% hjá BSRB - Reykjavík, eftir því hvort horft sé til áhrifa vegna styttingar vinnuvikunnar. Minnst var kaupmáttaraukningin hjá BHM - ríki KÍ - Ríki og KÍ-Reykjavík eða 3-6%. Frekara niðurbrot leið þá í ljós að lönfélög ASÍ stóðu öðrum langt að baki á tímabilinu 2019-2022. Árangur þeirra var svipaður og hjá BHM-ríki og KÍ-ríki og KÍ-Reykjavík.

**Tafla 1. Þróun í kaupmætti launavísitölunnar eftir heildarsamtökum og geirum.**

hópur	geiri	2015-2019	2019-2022	
			Án styttingar	Með styttingu
así	Reykjavík	23%	30%	36%
bsrb	Reykjavík	22%	21%	27%
así	sveit án Rvík	23%	21%	26%
bsrb	sveit án Rvík	21%	16%	21%
así	ríki	25%	14%	21%
bsrb	ríki	26%	8%	15%
bhm	Reykjavík	18%	10%	14%
bhm	sveit án Rvík	18%	8%	11%
así	almenni	24%	9%	10%
kí	sveit án Rvík	25%	6%	7%
bhm	ríki	24%	3%	6%
kí	Reykjavík	24%	5%	6%
kí	ríki	24%	3%	3%

